

Tollmeðferð leigubifreiðar

Úrskurður 4/2008

Kærð er ákvörðun tollstjóra að hafna lækkun vörugjalds af tvíorkubifreið sem ætluð er til leiguaksturs. Tollstjóri krefst þess að úrskurðurinn verði staðfestur. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurðinn.

Með bréfi, dags. 21. janúar 2008, sem barst til nefndarinnar 24. s.m. kærir L. f.h. S, úrskurð tollstjóra nr. 7/2007. Í nefndum úrskurði synjar tollstjóri umbjóðanda kæranda um lækkun vörugjalds af tvíorkubifreið (Hybrid) til leiguaksturs um kr. 240.000 í samræmi við VII ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., m. br. (hér eftir skammstöfuð vö.) samhliða því að vörugjaldið væri lagt á skv. 4. tl. 2. mgr. 5. gr. laganna. Bifreiðin var flutt til landsins í júlí sl., í sendingu S ARN 10 07 7 DE CUX A087 og er fastanúmer hennar RL-696. Kærandi gerir kröfu um að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og hann njóti lækkunar samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu um lækkun vörugjalds af tvíorkubifreiðum.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að um sé að ræða tvíorkubifreið sem geti að hluta til nýtt rafmagn í stað bensíns. Bifreiðin er af gerðinni Toyota Highlander Hybrid. og var flutt til landsins 10. júlí s.l., sbr. sendingarnúmer S ARN 10 07 7 DE CUX A087, og tollafgreidd hjá tollstjóranum 25. sama mánaðar. Hún er með fastanúmerið RL-696.

Þá segir að umsókn kæranda um lækkun eða eftirgjöf vörugjalds vegna leiguaksturs, sbr. 4. tl. 2. mgr. 5. gr. vö., hafi verið afgreidd 24. júlí og nemi eftirgefið vörugjald kr. 718.905.- og eftirgefinn virðisaukaskattur kr. 176.132.-; eftirgefin gjöld séu því samtals kr. 896.037.- Kærandi krefst þess að hann fái að njóta lækkunar vörugjald skv. VII. bráðabirgðaákvæði vö. og fái því endurgreiddar kr. 240.000.-, auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Tollstjóri synjaði að lækka vörugjaldið jafnframt skv. fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði vö. á þeim grundvelli að bifreiðin væri ekki gjaldskyld skv. 3. gr. laganna eins og gerð er krafa um skv. bráðabirgðaákvæðinu.

Þá segir í úrskurði tollstjóra að því sé haldið fram að báðar lækkunarheimildirnar séu skyldubundnar. Tilvísun bráðabirgðaákvæðisins til 3. gr. taki til umræddrar bifreiðar, enda taki 3. gr. til allra bifreiða, annarra en þeirra sem séu tilgreindar í 4. gr. og séu að öllu leyti undanskildar vörugjaldinu. Af samhengi 4. tl. 2. mgr. 5. gr. og 3. gr. og samanburði við 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000, um vörugjald af ökutækjum, m.br., megi ráða að ökutæki falli undir bæði tilvitnuð ákvæði vö. Það eina sem skilji leigubifreiðar frá öðrum gjaldskyldum bifreiðum sé lægra vörugjald. Hvorki í lögnum né reglugerðinni komi fram að vörugjaldslækkun leigubifreiða skv. 4. tl. 2. mgr. 5. gr. vö. komi í veg fyrir lækkun vörugjaldsins skv. bráðabirgðaákvæðinu.

Samkvæmt 1. mgr. VII. bráðabirgðaákvæðis vö. skal vörugjald af bifreiðum sem eru gjaldskyldar skv. 3. gr. laganna og eru búnar vélum sem nýta rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu vera 240.000.- kr. lægra en ella væri samkvæmt greininni. Í þessu máli er ágreiningur um hvort ökutæki teljist gjaldskyldt samkvæmt 3. gr. vö. þegar vörugjald af ökutækinu hefur verið lækkað skv. 4. tl. 2. mgr. 5. gr.

Í 3. gr. vö. er kveðið á um gjaldflokka fólksbifreiða og annarra vélknúinna ökutækja, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr., og hvað ráði flokkun þeirra til gjaldskyldu. Í 3. gr. er ekki vísað sérstaklega til 5. gr. laganna. Í 2. mgr. 5. gr. var við setningu laganna að finna heimild til handa ráðherra til að lækka eða fella niður gjald af tilteknum sérhæfðum ökutækjum.

Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 151/1998 þannig að hlutfallstala vörugjalds var ákvörðuð í lögnum. Í skýringum við 5. gr. í greinargerð með frumvarpinu til vól. kemur fram að ákvæðið feli í sér undanþágu frá hinni almennu reglu um gjaldskyldu vélknúinna ökutækja.

Óumdeilt sé að vörugjöld voru lögð á ökutækið skv. 4. tl. 2. mgr. 5. gr. en ekki 3. gr. vól. Þá ber að athuga að það er viðurkennt lögskýringarsjónarmið að undanþágur frá skattskyldu ber að túlka þröngt. Í ljósi ofangreinds er það niðurstaða embættisins að ökutækið geti ekki talist gjaldskylt skv. 3. gr. og því eigi lækkunarregla VII. bráðabirgðaákvæðisins ekki við. Ákvörðun tollstjóra um að hafna lækkun vörugjalds skv. VII. ákvæði til bráðabirgða laga nr. 29/1993 er því staðfest.

Kærandi heldur því fram í kæru sinni til nefndarinnar að báðar þær lækkunarheimildir, sem komi til álita séu skyldubúnar skv. laganna hljóðan. Tilvísun í bráðabirgðaákvæði til 3. gr. vörugjaldslaga sýni að ætlunin sé að fólksbifreiðar og vélknúin ökutæki sem ekki séu tilgreind undir 4. gr. vól. njóti þessarar kr. 240.000 lækkunar sé um að ræða tvíorkubifreið. Síðan sé af samhenginu milli 4. tl. 2. mgr. 5. gr. og 3. gr. og samanburði við 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000 skýrt að vörugjald, sem tilgreint sé af leigubifreiðum til fólksflutninga skuli lagt á eftir annari prósentutölu (raunar tveir flokkar I og II) miðað við það sem ella væri skv. 3. gr.

Þá segir að hvergi sé í lögnum eða í reglugerð nokkuð sem segir að slík vörugjaldslækkun á leigubifreiðar til fólksflutninga, leiði til þess að hin sérstaka lækkun skv. bráðabirgðaákvæðinu fái ekki til viðbótar ef um tvíorkubifreiðar sé að ræða. Um sértæka lækkun sé að ræða sem ætluð sé til þess að hvetja til kaupa á bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín eða díselolíu að meginhluta til. Þessi tilætlan hljóti einnig að gilda varðandi leigubifreiðastjóra sem aki verulega miklu meira en allur almenningur og sú tilætlan náist síður njóti þeir ekki þessarar lækkunar vörugjalds einnig.

Hvað varðar þá tilvísun tollstjóra í að við setningu laganna hafi í 2. mgr. 5. gr. verið heimildarákvæði til ráðherra að lækka eða fella niður gjald af tilteknum sérhæfðum ökutækjum, en því ákvæði verið breytt með lögum 151/1998 þannig að hlutfallstala vörugjalds hafi verið ákveðin með lögnum telur kærandi ekki skipta hér máli.

Kærandi segir að því sé ekki haldið fram að vörugjald hafi verið lagt á skv. 4. tl. 2. mgr. 5. gr. en ekki 3. gr. Hins vegar verði að túlka 3. gr. þannig að þar felist meginákvæðið um fólksbifreiðar, hvað varðar álagningu vörugjalds en síðan sé í 2. mgr. 5. gr. upptalning undanþáguákvæða hvað varðar ákveðin tæki, sem annaðhvort séu alveg undanþegin eða með lægri prósentu, eins og leigubifreiðar til fólksflutninga. Þótt ekki sé í bráðabirgðaákvæðinu nr. VII. bein tilvísun til 5. gr., eins og er til 3. gr. telur kærandi slíks ekki þurfa við þar sem 3. gr. sé meginákvæðið og verði að lesa úr því með hliðsjón af 2. mgr. 5. gr.

Þá segir í kærinni að bæði varðandi atriði sem tilgreind séu undir 2. gr. 5. gr. vól. í 3. mgr. þeirrar greinar svo og varðandi VII. lið ákv. til bráðabirgða í 3. gr. þess liðar sé gert ráð fyrir að ráðherra geti sett nánari reglur, en í hvorugu tilvikinu hafi slíkt verið gert. Meðan svo sé ekki, og að sjálfsgöðu verða ákvæði með reglugerð ekki þröngd umfram það sem lesa má úr lögnum, hljóti að verða við það að miða að vilji Alþingis, hvað varðar að hvetja til nýtingar vistvænni bifreiða ráði.

Undanþágur frá skattskyldu séu vissulega vanalega skýrðar þröngt en það sé þá einkum ef verulegur vafi sé en í þessu tilviki verði ekki annað séð en viljinn sé skýr.

Kærandi bendir á að á tollpappír yfir vöruna hafi verið ritað " :Þetta er HYBRIT bíll Vörugjald lækkar um kr. 240.000.00. Þetta verður leigubifreið". Yfir þennan texta hafi síðan verið strikað. Kærandi telur þetta sýna og sanna það sem fram kom í kærinni, að umbj. hans beið í viku eftir afgreiðslu bifreiðarinnar úr tolli og fékk misvísandi svör. Þetta hafi því verið höfuðverkur tollyfirvalda en verið afgreitt síðan tollheimtunni í vil en gegn tilgangi bráðabirgðaákvæðisins sem Alþingi setti í vörugjaldslögin.

Að lokum segir í kærinni að það skipti verulegu máli að ætlunin með þessu ákvæði sé að hvetja til notkunar vistvænni bifreiða og þótt það kosti, hvað varðar einstaka bifreiðar eins og leigubifreiðar að tvenns konar lækkun (lægri gjöld) komi til, skýrist slíkt af tilgangi laganna.

Kærandi krefst þess að ríkistollanefnd hnekki úrskurði tollstjóra og taki til greina kröfu hans um að hann njóti tilgreindrar vörugjaldslækkunar að fjárhæð kr. 240.000 vegna bifreiðarinnar RL-696.

Tollstjóra var send kærán til umsagnar sbr. 4. mgr. 118 gr. tollalaga nr. 88/2005 og var veittur frestur til 15. febrúar 2008 til að skila inn greinargerð um kærana. Í svari sem barst nefndinni þann 15. febrúar 2008 segir m.a. að skv. VII. ákvæði til bráðabirgða vól. skal vörugjald af bifreiðum sem eru gjaldskyldar skv. 3. gr. vól. vera kr. 240.000.00 lægra en ella væri skv. greininni. Ofangreind bifreið var hins vegar tollafgreidd skv. 4. tl. 2. mgr. 5. gr. vól. og er því ekki gjaldskyld skv. 3. gr. vól. Ofangreind bifreið getur þess vegna ekki fallið undir þessa sérstöku undanþágu frá gjaldskyldu.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að aðflutningssskýrslan hafi verið fyllt út af tollmiðlara, Jónar Transport, fyrir hönd innflytjanda, og texti sá sem vitnað sé til í kæru verið færður inn af tollmiðlara. Yfir hann hafi verið svo strikað við tollafgreiðslu þegar kom í ljós að ekki kæmi til greina að veita báðar undanþágurnar fyrir bifreiðina. Þess vegna sé greinilegt að ekki hafi verið gefin misvísandi svör af hálfu tollyfirvalda, heldur hafi það verið leiðrétt sem ritað hafði verið á aðflutningssskýrsluna af hálfu tollmiðlara. Með hliðsjón af framansögðu krefst tollstjóri þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi dags. 15. febrúar 2008. Í svari sem barst nefndinni þann 12. mars. s.á. vísar hann til framkominna röksemda sinna fyrir þeirri kröfu að honum beri leiðrétting og ítrekar kröfu sína um að hann fái notið vörugjaldslækkunar að fjárhæð kr. 240.000.00 vegna bifreiðarinnar RL-696.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn hafa kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Kærandi kærir þá ákvörðun tollstjóra að synja kröfu hans um að bifreið sem umbjóðandi hans hyggst nota sem leigubifreið fái notið auk vörugjaldslækkunar skv. 4. tl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993, lækkunar skv. VII. lið sömu laga, ákvæðis til bráðabirgða um lækkun vörugjalds um kr. 240.000.00, þar sem umrædd bifreið er tvíorkubifreið (Hybrid), nýtir sem orkugjafa rafmagn auk bensíns.

Í rökstuðningi tollstjóra kemur fram að hann synjar því að lækka vörugjald skv. fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði vörugjaldslaga á þeim grundvelli að bifreiðin sé ekki gjaldskyld skv. 3. gr. laganna eins og gerð er krafa um skv. bráðabirgðaákvæðinu, en þar segir orðrétt “ *Vörugjald af bifreiðum sem eru gjaldskyldar skv. 3. gr. laganna og búnar eru vélum sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu skal vera 240.000. kr. lægra en ella væri samkvæmt greininni*”. Kærandi segir hins vegar að túlka verði 3. gr. þannig að þar felist meginákvæðið um fólksbifreiðar, hvað varðar álagningu vörugjalds en síðan sé í 2. mgr. 5. gr. upptalning undanþáguákvæða hvað varðar ákveðin tæki, sem annað hvort séu alveg undanþegin eða með lægri prósentu, eins og leigubifreiðar til fólksflutninga.

Nefndarmenn taka undir þá niðurstöðu tollstjóra að forsenda fyrir niðurfellingu skv. bráðabirgðaákvæði VII í lögum nr. 29/1993, sé að bifreiðin sé gjaldskyld skv. 3. gr. vörugjaldslaga. Nefndarmenn fallast ekki á þau rök kæranda í málinu að túlka beri 3. gr. þannig að þar felist meginákvæðið um fólksbifreiðar, hvað varðar álagningu vörugjalds en síðan sé í 2. mgr. 5. gr. upptalning undanþáguákvæða hvað varðar ákveðin tæki, sem annað hvort séu alveg undanþegin gjaldtöku eða með lægri prósentu, eins og leigubifreiðar til fólksflutninga. Það er skilningur nefndarmanna að löggjafinn hafi undanþegið þau ökutæki sem getið er í 4. og 5. gr. laga nr. 29/1993 um heimild til niðurfellingar skv. VII. ákvæði til bráðabirgða.

Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður tollstjóra nr. 7/2007 um synjun á lækkun vörugjalds af tvíorkubifreið til leiguaksturs með skrásetningarnúmerið RL-696, sem flutt var inn í sendingu S ARN 10 07 7 DE CUX A087 staðfestur.